

## GREIÐSLUSAMNINGUR

TVG-Zimsen ehf. kt.6502694-4389, Kornagarðar 2, Reykjavík, í samningi þessum nefnt TVG-Zimsen og fyrirtækið \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_ í samningi þessum nefndur greiðandi gera með sér eftirfarandi greiðslusamning:

### 1.grein

TVG-Zimsen samþykkir að taka greiðanda í lánsviðskipti. Með lánsviðskiptum er átt við: Greiða á reikning frá TVG-Zimsen 20 dögum eftir gjalddaga reiknings. Gjalddagi reiknings skal vera 1. dagur næsta mánaðar eftir útgáfudegi reiknings og eindagi 15. dagur næsta mánaðar á eftir útgáfudegi reiknings. Ef ekki er greitt á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga til greiðsludags auk innheimtukostnaðar, ef við á. Úttektarheimild í mánuði er kr.? \_\_\_\_\_

### 2.grein

Greiðandi skuldbindur sig til þess að greiða alla útsenda reikninga frá TVG-Zimsen eigi síðar en á eindaga sbr. 1.gr. svo og til þess að greiða öll lán á gjalddaga.

### 3.grein

Almennir þjónustuskilmálar SVÞ, eins og þeir eru á hverjum tíma, skulu gilda í lögskiptum aðila, eftir því sem við á. Skilmálar þessir eru felldir inn í samning þennan og skulu vera hluti af honum. Með undirritun sinni undir samninginn staðfestir greiðandi að hann hafi kynnt sér þessa skilmála og að hann samþykki að þeir séu hluti af þessum samningi.

Gildandi skilmála hverju sinni er að finna á heimasíðu TVG-Zimsen [www.tvg.is](http://www.tvg.is) og fást þeir einnig afhentir á afgreiðslum félagsins.

### 4.grein

Vanefni greiðandi samning þennan er TVG-Zimsen heimilt að fella greiðslufrest úr gildi og krefjast staðgreiðslu/fyrirframgreiðslu vegna veittrar þjónustu. Eftirfarandi atvik teljast vanefnd: Reikningar ekki greiddir á eindaga, greiðandi lendir á vanskilaskrá eða þau atvik eiga sér stað sem venjulega valda því að aðili lendir á vanskilaskrá (sama á við ef ábyrgðaraðili lendir á vanskilaskrá) eða önnur þau atvik verða eða aðstæður myndast sem venjulega myndu draga verulega úr greiðslugetu greiðanda að mati TVG-Zimsen.

Komi til verulegra vanskila af hálfu greiðanda, þ.e. fari greiðsla meira en 10 daga fram úr umsömdum eindaga reikninga skv. 1.gr. eða sama tíma fram yfir gjalddaga lánsskjala, er TVG-Zimsen heimilt að beita þeim úrræðum sem félagini standa til boða samkvæmt Almennum þjónustuskilmálum SVÞ og/eða lögum.

### 5.grein

Samningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 14 daga fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Framangreindur uppsagnafréstur skal byrja að líða frá og með þeim degi sem uppsögn er send af stað til lögheimilis gagnaðila. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Tollmiðlaraskilmálar TVG-Zimsen skulu gilda um öll verk og alla þjónustu sem TVG-Zimsen tekur að sér sem tollmiðlari.

Reykjavík, \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ 201\_\_\_\_\_

f.h. TVG-Zimsen ehf.

f.h. greiðanda